

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Levi Gunnarssyni um alþjóðlegar skuldbindingar og frumvarpsgerð.

1. *Hvaða verklagsreglur gilda við frumvarpsgerð í ráðuneytinu þegar ákvarðað er hvað eigi að koma fram í þeim kafla greinargerðar stjórnarfrumvarps er fjallar um samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar?*

Í 8. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa frá 24. febrúar 2023 er kveðið á um að í greinargerð með frumvarpi skuli fjalla um samræmi frumvarpsins við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar enda gefi frumvarpið tilefni til slíks mats. Þá er við vinnslu frumvarpa stuðst við *Handbók um undirbúning og frágang laga-frumvarpa* sem gefin var út af forsætisráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu 2007. Í 7. lið I. kafla, á bls. 16, er fjallað um samræmi lagafrumvarps við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar. Þar kemur fram að gæta þurfi að því að íslensk lög séu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar enda hvíli þjóðréttarleg skylda á íslenskum stjórnvöldum til að gæta að samræmi íslenskra laga og alþjóðlegra skuldbindinga.

2. *Hvernig metur ráðuneytið það hvort tilefni sé til þess að skoða tiltekinn alþjóðasamning í þeirri vinnu og þá hvort tilefni sé til þess að minnast á niðurstöður þeirrar skoðunar í greinargerð frumvarps?*

Það er misjafnt eftir efni frumvarpa til hvaða alþjóðasamninga er litið sérstaklega við gerð frumvarps. Helgast það af efni frumvarpa. Frumvarpshöfundur leggur mat á það hvort efnistösk frumvarps varði tiltekna alþjóðasamninga og tekur þá tillit til þeirra í allri vinnu við smíði frumvarpsins. Þá er rétt að benda á að við vinnslu frumvarpa er almennt haft víðtækt samráð sem hefst snemma í frumvarpsferlinu með gerð áforma um lagasetningu. Slík áform skal birta í samráðsgátt stjórnvalda. Þannig gefst öllum er vilja láta sig málið varða kostur á að koma með ábendingar um þau atriði sem taka þarf tillit til, þ.m.t. alþjóðlegar skuldbindingar.

3. *Hvernig er vinnulag ráðuneytisins varðandi hvort og þá hvernig það skoðar samræmi frumvarpa sinna við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem lagt er til að verði lögfestur á kjörtímabilinu, sbr. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar?*

Eins og kemur fram í svari við 2. tölul. fyrirspurnarinnar leggur frumvarpshöfundur mat á það hvort efnistösk frumvarps varði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ef efni frumvarps varðar samninginn er jafnframt lögð áhersla á að leitað sé umsagna samtaka sem gæta hagsmuna fatlaðs fólks svo að ákvæði frumvarps verði í sem bestu samræmi við hann.